

SAMÞYKKT**um hundahald í Hólshreppi.**

1. gr.

Bannað er hundahald í Hólshreppi. Lögreglustjóri getur þó veitt leyfi fyrir smalahundum á lögbýlum.

Samþykkt þessi, er gerð var af hreppsnefnd Hólshrepps 30. september 1963, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 1953, til að öðast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 1963.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ragnar Bjarkan.

27. maí.

Nr. 176.

GJALDSKRÁ**um greiðslur til sáttanefndarmanna.**

1. gr.

Fyrir störf sáttanefndarmanna skal greiða sem hér segir:

Fyrir áritun á sáttakæru: 10 krónur.

Fyrir hvert mál, sem sátt er reynt um: 20 krónur til hvors sáttanefndarmanns.

Fyrir hvert mál, sem úrskurðað er samkvæmt 21. gr. einkamálaganna: 40 krónur að auki til hvors sáttanefndarmanns.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 2. og 5. gr. laga nr. 33 26. apríl 1963 um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. maí 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.